

Mál nr. 478/2025**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V1) og (V2)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A) og (B)****Bótaréttur. Frávísun****Gögn.**

1. Málskot móttakið 15. desember 2025, ásamt fylgiskjöllum.
2. Athugasemdir V1, dags. 6. janúar 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 20. apríl 2026.
4. Viðbótargögn frá V2, send 1. júní 2026.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að árekstur hafi orðið á milli bifreiðanna A, sem M ók og er kaskótryggð hjá V1, og B, sem er ábyrgðartryggð hjá V2, á Fossavegi við Bugðufliót þann 15. nóvember 2024. Atvikum er þannig lýst í málskoti að B hafi verið ekið aftan á A þegar M hafi ætlað að hægja á A og aka út í vegkant vegna mikillar hálku á veginum. Málið var lagt fyrir tjónanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að leggja bæri alla sök á árekstrinum á ökumanns B. V2 hafnaði því hins vegar að greiða bætur úr ábyrgðartryggingu B. M sem settir sig ekki við þá niðurstöðu V2 gerir þá kröfu í málskoti að fá tjónið á A bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá V2. Er m.a. tekið fram í málskoti að enginn rökstuðningur hafi komið frá V2 af hvaða ástæðu bótaskyldu sé hafnað. Þá hafi engin gögn verið lögð fram af hálfu V2 sem sýni að M hafi sýnt af sér gáleysi sem réttlæti skerðingu eða niðurfellingu bóta.

Í athugasemdum V2 til nefndarinnar kemur fram að V2 telur sig hafa rökstuddan grun um að váttryggingaratburðinum kunni að hafa verið valdið af ásetningi sbr. 1. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 (hér eftir vsl.) auk þess sem ljóst sé að M sé að veita V2 rangar og ófullnægjandi upplýsingar sem M veit eða má vita að leiði til þess að M fái bætur sem M á ekki rétt á sbr. 2. mgr. 47. gr. vsl. sbr. 2. mgr. 120. gr. vsl. Með vísan til framangreinds hafnar V2 því að bótaskylda sé til staðar, bæði hvað varðar munatjón og meint líkamstjón M.

Í viðbótarathugasemdum M er framangreindum athugasemdum V2 mótmælt. Bendir M m.a. á að það sé grundvallarregla í váttryggingarétti að sönnunarbyrði um þau atriði sem leiði til niðurfellingar eða skerðingar bótaréttar hvíli á váttryggingafélaginu. Fullyrðingar um ásetning M og meint svik séu alvarlegar og verði slíkar fullyrðingar að vera studdar haldbærum gögnum. M bendir á að engin gögn fylgi athugasemdum V2 til stuðnings þessum fullyrðingum. Þá vísar M til þess að athugasemdir V2 innihaldi heldur ekki útskýringu á því hvers vegna talið er að ásetningur liggja fyrir. Þá leggi V2 engin gögn fram sem hnekkja niðurstöðu Tjónanefndar og enga frásögn ökumanns B sem stangist á við frásögn M. Málatalilbúnaður V2 sé því með öllu órökstuddur og tilhæfulaus. Öll gögn málsins styðji frásögn M. Samkvæmt skýrslu Áreksturs & Öryggis, dags. 15. nóvember 2024, hafi verið glerhálka á veginum, birtuskilyrði góð og umferð lítil. Báðar bifreiðarnar hafi verið óökuhæfar eftir áreksturinn og því þurft að fjarlægja þær með dráttarbifreið, sem sé skýr vísbending um að árekstur hafi verið harkalegur og raunverulegur en ekki sviðsettur. Sérstök athygli sé vakin á því að framburður ökumanns bifreiðarinnar B, sem tekinn var af Árekstur & Öryggi þann 19. nóvember 2024, staðfesti frásögn M í öllum meginatriðum. Ökumaður B lýsi því sjálf að hún hafi ekið á eftir bifreið M, sem hafi hægt á sér og að hún hafi ekið „óvart aftan á hann“ á um 40 km/klst hraða. Hún staðfesti einnig að hafa hlotið áverka af árekstrinum og verið heima vegna þeirra. Framburðir ökumannanna tveggja stangist því ekki á heldur styðja hvor annan. V2 hafi ekkert fært fram sem hnekkir þessum framburðum.

Álit.

V2 hafnar því að greiða bætur úr ábyrgðartryggingu B, m.a. með þeim rökstuðningi að fyrir hendi sé rökstuddur grunur um að váttryggingaratburðinum kunni að hafa verið valdið af ásetningi sbr. 1. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Nefndin hefur í máli nr. 480/2025 fjallað um bótaskyldu M úr kaskótryggingu A vegna þessa sama tjónsatburðar. Það varð niðurstaða nefndarinnar sú að vísa málinu frá á grundvelli a-liðar 4. gr. samþykktar nefndarinnar á meðan málið er til rannsóknar

hjá lögreglu. Í því máli sem hér er til meðferðar, þ.e. nr. 478/2025, eru aðstæður þær sömu og í framangreindu máli. Þannig liggja fyrir nefndinni upplýsingar um að V2 kærði málið til lögreglu og að málið sé þar til rannsóknar. Nefndin telur því rétt að niðurstaðan í þessu máli verði sú sama og í máli nr. 480/2025. Hér, eins og gildi í því máli, telur nefndin að játa verður váttryggingafélögum ákveðið svigrúm til að bregðast við þegar upp koma rökstuddar ábendingar um möguleg váttryggingasvik, enda eru slík mál þess eðlis að lögregla hefur sérþekkingu og rannsóknarheimildir sem nefndin hefur ekki. Þegar mál er komið til formlegrar rannsóknar hjá lögreglu er því eðlilegt að mati nefndarinnar að ætla lögreglu að ljúka sinni rannsókn áður en tekin er efnisleg afstaða til þeirra atvika sem liggja til grundvallar áliti nefndarinnar. Þannig liggur fyrir að afstaða nefndarinnar til greiðsluskyldu V2 getur ráðist af þeirri niðurstöðu sem fæst í opinberri rannsókn málsins. Að því virtu verður ekki á það fallist að nefndin taki efnislega afstöðu á meðan rannsókn lögreglu stendur yfir. Í samþykktum fyrir nefndina, kemur fram í a-lið 4. gr. að nefndin fjalli ekki um ágreining sem samkvæmt lögum heyri undir stjórnvöld. Með vísan til a-liðar 4. gr. verður málinu því ex officio vísað frá nefndinni meðan málið er til rannsóknar hjá lögreglu.

Niðurstaða.

Máli M er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík, 15. júní 2026
rafræn undirritun

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir